

Fundargerð

Fundur haldinn í fjallskilanefnd 17. ágúst 2020, kl. 13:00.

Mætt eru Árný Huld Haraldsdóttir, Vilberg Þráinsson, Styrmir Sæmundsson, Hjalti Helgason og Rebekka Eiríksdóttir. Bergur dettur út úr nefndinni þar sem hann er ekki lengur kjörgengur í Reykhólahreppi. Rebekka kemur í stað hans inn í nefndina.

Dagskrá:

1. Fjallskilaseðill

Leitaseðill lagður fram, gerðar smávægilegar breytingar við seðilinn.
Fjallskilanefnd samþykkir fjallskilaseðilinn samhljóða.

2. Covid takmarkanir.

Landssamtök sauðfjárbænda eru að vinna að leiðbeiningum til bænda varðandi leitir og réttir og smitvarnir. Nefndin mun bregðast við og senda út tilmæli til bænda þegar leiðbeiningarnar liggja fyrir. Verður auglýst á heimasíðu Reykhólahrepps.

3. Varamaður í nefndina.

Fjallskilanefnd leggur til að Herdís Erna Matthíasdóttir verði skipuð varamaður í nefndinni.

Önnur mál:

4. Viðhald rétta

Umræður um viðhald rétta. Formanni falið að skoða viðhald rétta í samráði við umsjónarmann rétta.

Fleira ekki gert og fundi slitið 14:15.